

Sp. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir fari í eyði.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.
2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.
3. Að semja frumvarp til laga, sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi skal nefndin athuga eftirfarandi:

1. Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.
2. Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.
3. Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þar til lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt, sem svarar meðalútsvari af viðkomandi jörð síðustu þrjú árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili álit og lagafrumvarpi eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa verið mikil brögð að því, að góðar bújarðir hafi verið keyptar eingöngu vegna hlunninda, fyrst og fremst vegna laxveiði. Jarðir þessar hafa oft og tíðum lagzt í eyði vegna þessa. Þessi þróun er hættuleg og er þegar farin að segja til sín jafnvel í blómlegum sveitum. Hér verður að spyrna við fótum og leita eftir úrræði, er að gagni megi koma, til að sporna við þessari þróun. Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi. Henni er einnig ætlað það hlutverk að rannsaka það yfirleitt, hver er ástæðan til þess, að jarðir, sem eðlilegt er að séu í byggð, fari í eyði, og hvornig sé hægt að koma í veg fyrir það.